



Leikskólinn Tröllaborg

Rýmingar- og viðbragðsáætlun

Þar sem leikskólinn Tröllaborg er staðsettur í tveimur byggðalögum gerum við tvær rýmingaráætlanir aðra fyrir Hóla og hina fyrir Hofsós. Af þessum sökum er ekki gott að setja leikskólastjóra í lykilhlutverk og verður því ábyrgðin aðlega á deildarstjórunum, en að sjálfsgöðu verður leikskólastjóri innan handar ef hann er á staðnum.

Svæðið sem starfsmenn Tröllaborgar á Hólum bera ábyrgð á er allur leikskólarturinn af skólahúsnæðinu.

Rýmingaráætlunin ásamt teikningu af leikskólanum skal vera á sýnilegum stað á deildinni.

Rýmingaráætlun Tröllaborgar á Hólum

Fyrstu viðbrögð eru að deildarstjóri/staðgengill hans staðfestir hvort um bruna er að ræða eður ei og tekur í framhaldi af því ákvörðun hvort rýma eigi leikskólann. Ef þörf er á rýmingu hringir deildarstjóri eða staðgengill hans yfir í grunnskólann og svo í neyðarlínu 112.

Ef ekki er þörf á að rýmingu skal láta kennara leikskólans vita

Símar: eru staðsettir í leikherbergi, í undirbúningsaðstöðu, eldhúsi og skrifstofu leikskólastjóra

Deildarstjóri athugar hvort slökkva megi eldinn með slökkvitæki eða brunaslöngu. Ekki skal grípa til þess nema starfsmenn viti hvernig eigi að standa að því og aldrei ef líf eða heilsa er í hættu með þeim aðgerðum

Slökkvitæki eru staðsett:

- Í forstofunni á leikskólanum
- Á litla ganginum við eldhúsið



Brunaslanga er staðsett í fataherberginu við innganginn inn í leikskólann

Eldvarnarteppi er staðsett í eldhúsinu

Flóttaleiðir

- Ljós er yfir útidyrhurð og yfir hurðinni út úr leikherberginu
- Gluggar eru flóttaleið, það þarf að slá gott högg til hliðar á gluggafestingarna, þá brotna þær og auðveld leið er út um gluggana.

Nafnalistar eru á deildinni þar sem merkt er við komu barnanna í leikskólann. Ef til rýmingar kemur á að taka nafnalistann með út og merkja sérstaklega við hvert og eitt nafn til að ganga úr skugga um að allir sem mættir eru, séu komnir út.

Brunaæfing, hlutverk og ábyrgð starfsmanna

Á hverju hausti er rýmingaráæluin kynnt og starfsmönnum úthlutað ákveðnu hlutverki sem þeir bera ábyrgð á.

- Starfsmaður no 1 sér um ásamt deildarstjóra að koma börnunum út.
- Starfsmaður no. 2 fer út og tekur nafnalistann með sér, merkir svo við þau börn sem út koma.
- Þegar allir eru komnir út fara starfsmenn no. 1 og 2 með börnin yfir á sparkvöllinn.
- Þegar deildarstjóri er búinn að tryggja að öll börn séu komin í örugga umsjá annars starfsmanns fer hann og gengur úr skugga um að allir hafi komist út og enginn orðið eftir.
- Ræstitæknir fer út með starfsmanni 2 og aðstoðar við að halda utan um börnin úti.

Mikilvægt er að halda ró sinni og hafa stjórn á aðstæðum